

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ásólfstaða II.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum þar sem heimilt er að reisa eitt frístundahús ásamt aukahúsi á hverri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. júní 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. september 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**